



Fréttatilkynning
28 April 2025 17:18:00 GMT

Arion banki hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun

Vísað er til tilkynningar Arion banka sem birt var 11. apríl 2025 um framkvæmd endurkaupaáætlunar. Í 17. viku 2025 keypti Arion banki eigin hluti á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. og sænsk heimildarskírteini (SDR) á Nasdaq í Stokkhólmi. Sjá frekari upplýsingar hér að neðan.

Endurkaup á hlutum á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland í umrædd skipti voru eftirfarandi:

Dagsetning	Tími	Keyptir hlutir	Viðskiptaverð	Kaupverð	Hlutir í eigu Arion
22.4.2025	11:28:36	250.000	154	38.500.000	17.844.457
22.4.2025	12:15:12	7.368	153,5	1.130.988	17.851.825
22.4.2025	14:47:33	3.258	153,5	500.103	17.855.083
22.4.2025	15:18:16	350.000	153,75	53.812.500	18.205.083
23.4.2025	09:50:07	300.000	156	46.800.000	18.505.083
23.4.2025	12:58:41	500.000	158,5	79.250.000	19.005.083
25.4.2025	10:42:55	500.000	160	80.000.000	19.505.083
25.4.2025	11:36:34	500.000	160	80.000.000	20.005.083
		2.410.626		379.993.591	20.005.083



Endurkaup á heimildarskírteinum á Nasdaq í Stokkhólmi voru eftirfarandi:

Dagsetning	Tími	Keypt SDR	Viðskiptaverð	Kaupverð (SEK)	SDR í eigu Arion
22.4.2025	15:22:13	5.000	11,65	58.250	3.451.403
23.4.2025	10:25:34	3.150	11,7	36.855	3.454.553
		8.150		95.105	3.454.553

Arion banki átti fyrir viðskiptin í viku 17 samtals 21.040.860 eigin hluti og heimildarskírteini og á bankinn í lok viku 17 samtals 23.459.636 eigin hluti og heimildarskírteini. Samtals á bankinn nú sem nemur 1,65% af útgefnum hlutum í félaginu. Frá því að endurkaupaáætlun hófst hefur bankinn keypt samtals 4.633.176 hluti og 10.544 heimildarskírteini.

Heimilt er að kaupa allt að 397.350 SDR í Svíþjóð, sem samsvarar 0,03% af útgefnum hlutum og allt að 19.470.150 hluti á Íslandi, eða sem svara til 1,37% af útgefnum hlutum bankans (samtals um 1,4% af útgefnum hlutum). Fjárhæð endurkaupanna skal ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 60.000.000 kr. í Svíþjóð og 2.940.000.000 kr. á Íslandi (samtals 3,0 milljarðar króna). Framkvæmd endurkaupaáætlunar lýkur þegar framangreindu er náð eða í síðasta lagi 31. desember 2025. Arion banki hf. hefur heimild til að stöðva framkvæmd endurkaupaáætlunarinnar hvenær sem er á tímabilinu.

Endurkaupaáætlunin er framkvæmd í samræmi við lög og reglur á Íslandi og í Svíþjóð, eins og við á, þar með talin Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik („MAR“) og ákvæði framseldar reglugerðar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2016/1052, sem og íslensk lög um hlutafélög nr. 2/1995, lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum auk reglna nr. 1275/2024 um sama efni. Viðskipti með eigin hluti í samræmi við endurkaupaáætlunina eru birt opinberlega í samræmi við gildandi lög og reglur í Svíþjóð og á Íslandi, eins og við á.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengslum Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, eirikur.jonsson@arionbanki.is, s. 856 7171



Viðhengi

[Arion banki hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun](#)